

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 257/2023**

**frá 27. október 2023**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1029 frá 25. maí 2023 um breytingu á III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir fosmet í eða á tilteknum afurðum <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1065 frá 1. júní 2023 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 að því er varðar níkótínamíðríbósíðklóríð sem er bætt í matvæli <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32023 R 1029:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1029 frá 25. maí 2023 (Stjtið. ESB L 139, 26.5.202, bls. 15).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 139, 26.5.2023, bls. 15.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 143, 2.6.2023, bls. 6.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005):

„– **32023 R 1029**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1029 frá 25. maí 2023 (Stjtíð. ESB L 139, 26.5.202, bls. 15).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzzu (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006):

„– **32023 R 1065**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1065 frá 1. júní 2023 (Stjtíð. ESB L 143, 2.6.2023, bls. 6).“

3. gr.

Texti reglugerða (ESB) 2023/1029 og (ESB) 2023/1065, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Pascal Schafhauser***

*formaður*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.